

Dags eftirlits	9.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Háafell ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Nauteyri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520199-3149	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gauti Geirsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu en tvær ábendingar voru gerðar varðandi útreikninga á losun fosfórs og geymslu á efnavöru. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Háafelli ehf, Nauteyri. Gauti Geirsson framkvæmdastjóri var fulltrúi rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Háafell ehf., Nauteyri er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 31. janúar 2019 og gildir til 31. janúar 2035.

Starfsleyfið tekur til 800 tonna ársframleiðslu á laxa- og regnbogasilungaseiðum og skal hámarkslífmassi á hverjum tíma ekki vera meiri en 800 tonn. Með fráveitu í settjörn skal ársframleiðsla af laxa- og regnbogasilungaseiðum þó ekki fara yfir 200 tonn árlega og/eða hámarkslífmassi skal ekki vera meiri en 200 tonn á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Grænu bókhaldi og ársyfirliti, fyrir árin 2020 og 2021 var skilað á tilskildum tíma.

Rekstraraðila er bent á að yfirfara útreikninga á losun fosfórs og köfnunarefnis m.t.t. „Leiðbeininga um útreikninga á losun í fiskeldi“ og senda Umhverfisstofnun leiðréttar niðurstöður. Í ársyfirliti fyrir árið 2021 kemur fram að losun fosfórs frá stöðinni sé 5,27 kg/framleitt tonn og ekkert sem bendir til að losunin sé yfir þeim 9,0 kg/framleitt tonn sem eru leyfileg mörk skv. starfsleyfi.

Í eftirliti Umhverfisstofnunar árið 2020 var bent á að hreinsa skyldi settjörn eigi síðar en í desember 2021. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var hún löguð árið 2020 og fólst sú lagfæring m.a. í að lagfæra útrás og hreinsa úr tjörninni að stærstum hluta.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

4. Önnur mál

Farið var yfir þá stækkun eldisins sem stendur til að ráðast í (og er hafin að hluta), m.a. á að setja upp tromlusíu. Framleiðsla verður áfram innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi.

5. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila.

Olíur og fleiri óæskileg efni voru geymd óvarin í húsnæðinu, en skv. rekstraraðila hefur spilliefnaskápur verið pantaður og er reiknað með að hann verði afhentur á næstu vikum.

Lagfæringar á settjörn voru skoðaðar. Settjörnin hafði greinilega verið hækkuð og útrásin lagfærð þannig að sjór gengur nú ekki inn í tjörnina. Auk þess hafði hún verið hreinsuð á fullnægjandi hátt, en stefnt er að því að hreinsa hana aftur á næsta ári (þ.e. 2023).

ÁBENDINGAR


A) Rekstraraðila er bent á að yfirfara útreikninga á losun fosfórs og köfnunarefnis og senda Umhverfisstofnun leiðréttar niðurstöður.

B) Olíur o.fl. var geymt óvarið í húsnæðinu. Þar sem um lítið magn er að ræða og spilliefnaskápur verður settur upp á næstu vikum, er einungis um ábendingu að ræða. Rekstraraðili skal, þegar þar að kemur, senda myndir til staðfestingar á að uppsetningu sé lokið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.10.2022


Freyr A. Evarsson